

Fundur Foreldrafélags Lágafellsskóla - fjarfundur 7. apríl 2021 kl. 20.30

Viðstödd: Jógvan, Egill, Valdimar, Eva, Grétar, Sonja, Unnur (ritar).

- Styrkur í stað páskabingós til styrktar útskriftarferð 10. bekkjar. Samþykkt að veita 100.000 kr. styrk, Eva hefur samband við skólastjóra og deildarstjóra unglíngastígs.
- Varamaður - Egill kemur inn í SAMMOS í fjarveru Danielle.
- Samþykkt að veita 100.000 króna styrk vegna aukins kostnaðar við árshátíðir 7.-10. bekkja sökum Covid-ráðstafana. Mögulega breyttar aðstæður í ljósi breyttra takmarkana, Eva heyrir aftur í skólastjóra og deildarstjóra unglíngastígs vegna þessa.
- Samþykkt að styrkja skólabókasafn um 150.000 kr. Foreldrafélagið hvetur bókasafnið til að íhuga kaup á margs konar miðlunarefni auk bóka, t.d. borðspilum, efni á stafrænu formi, áskriftum á vefnum o.s.frv.
- Bíðum nýrrar reglugerðar 15. apríl til að vita hvort sé möguleiki á stjórnutjaldi inn í 6. bekk í vor. Annars fá 6. og 7. bekkur stjórnutjald næsta haust.
- Bíðum nýrrar reglugerðar 15. apríl til að vita hvernig sé best að haga Hjólafærni 29. og 30. apríl. Grétar er með boltann og boðar fund ef eitthvað er.
- Grétar sendi fyrirspurn í hóp SAMMOS varðandi það hvernig símalaus skóli hafi reynst þeim sem þann háttinn hafa á, en fékk ekki mikil svör á þeim vettvangi. Mun ræða á næsta fundi SAMMOS.
- Breytingar á Höfðabergi og Lágafellsskóla - Foreldrafélag hefur orðið vart við óánægju meðal foreldra með skólalóðirnar á þessum stöðum fyrir þann aldur sem færast þangað í haust. Áhyggjur af að kastali á lóð Höfðabergs sé ekki öruggur fyrir yngstu börnin og að skólalóð Lágafellsskóla sé ekki spennandi fyrir 1. og 2. bekk. Möguleg lausn að fá hlutlausan eftirlitsaðila til að taka lóðirnar út m.t.t. öryggis, eða jafnvel flytja umræddan kastala með 1. og 2. bekk í Lágafellsskóla. Verður tekið upp í skólaráði.
- Sonja heyrir í Ólöfu vegna fræðslu.
- Samþykkt að foreldrafélag veiti líkt og síðustu ár viðurkenningar fyrir framúrskarandi samskiptahæfni og framlag til félagsstarfa, strák og stelpu, og viðurkenningar fyrir mesta framför í námi, strák og stelpu, út hópi útskriftarnema í 10. bekk. Tvær bækur á mann hingað til en mætti skoða aðrar útfærslur.
- Unnur boðar næsta fund eftir tvær vikur til að ræða Hjólafærni, stjórnutjald, fræðsluviðburð og gjafir til útskriftarnema.

Fundi slitið kl. 21.15.